



**Efni: Heimild til að hefja verkefnið Spálíkön velferðarsviðs**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja verkefnið *Spálíkön velferðarsviðs*. Spálíkönin verða fjögur og spá til 1 árs og 5 ára fyrir notendafjölda þeirra sem notast við 1) fjárhagsaðstoð til framfærslu, 2) sérstakan húsnæðisstuðning, 3) heimastuðning og 4) heimahjúkrun.

Verkefnið er með fjármögnun á verkbeiðnanúmerinu 240969 og tilheyrir verkefnaklasa 80019, upplýsinga- og gagnastýring. Verkefnið hefur verið í undirbúning undanfarna mánuði og eru áætluð verklok október 2023 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 15,6 m.kr., þarf að tilheyra 15,6 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar J. Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

### **Greinargerð:**

Hönnun, þróun og smíði spálíkana má nýta til að styrkja forsendur áætlanagerðar og stefnumótunar til skemmri og lengri tíma og búa til tæki til greiningar á áhrifum ýmissa þátta. Þær má nýta til ýmissa hluta, s.s. til að skipuleggja aðgerðir innan borgarinnar, leggja mat á fjárfestingarpörf og líklega arðsemi fjárfestinga, leggja mat á samfélagslega stöðu fólks innan jaðarsettra hópa, meta áhrif tiltekinna stjórnvaldsaðgerða sem og aðgerða annarra aðila á borgarkerfið og hvaða áhrif þær munu hafa til dæmis á börn, aldraða, fatlaða eða jaðarsetta hópa. Hægt er að meta áhættur og umsvif áhrifa og afkomu innan borgarkerfisins og þannig mætti lengi telja.

Verkefnið *Spálíkön velferðarsviðs* snýr að því að þróa fjögur spálíkön fyrir velferðarsvið sem að auðveldar stjórnendum sviðsins gerð fjárhagsáætlana. Í dag reynist erfitt að spá fyrir um þessa þjónustupætti. Hingað til hafa spár verið unnar eftir mismunandi þörfum ólíkra hagsmunaaðila og því ekki samræmi á milli niðurstaða þar sem ólíkum aðferðum er beitt af mismunandi aðilum í hverju tilviki fyrir sig. Með nýju spálíkani verður hægt að notast við söguleg gögn en mikilvægt er að skilja og taka með í reikninginn raungögn um þjónustuparfir síðustu ára til að hægt sé að spá fyrir um þjónustuparfir íbúa til framtíðar.

Spálíkönin eiga að spá mánaðarlega fyrir um notendafjölda þeirra sem notast við: 1) fjárhagsaðstoð til framfærslu, 2) sérstakan húsnæðisstuðning þar sem sérstaklega er skoðaður annarsvegar almennur markaður og hinsvegar félagslegt leiguhúsnæði, 3) heimastuðning og 4) heimahjúkrun. Spárnar byggja á sögulegum gögnum sem velferðarsvið hefur safnað síðustu ár sem og öðrum gögnum sem hafa áhrif á spánna.

Fyrri spár hafa verið einskiptis spár en væntingar eru að með þessu verkefni verði til spálíkan sem hægt er að útfæra á sem flesta þjónustupætti velferðarsviðs. Markmiðið er að spálíkönin uppfærast sjálfkrafa, einu sinni í mánuði eða sjaldnar, með því að sækja gögn og spá fyrir næsta ár annars vegar og næstu fimm ár hins vegar helst án inngripa. Að sama skapi er mikilvæg viðbót frá fyrri spám að unnt verður að leggja mat á fjárfestingarpörf til framtíðar sem þarf að leggja til málaflokksins og samfélagslega stöðu fólks innan jaðarsettra hópa. Einnig verður hægt að fylgjast með þróun, hvort hóparnir komi til með að stækka eða minnka. Með því verður betur hægt að fylgjast með hvaða áhrif ákveðnar aðgerðir innan borgarkerfisins hafa á þessa hópa, bera kennsl á hvort verið sé að uppfylla þjónustuparfir þessa hóps til jafns við aðra, taka betri og upplýstari ákvarðanir og grípa fyrir til mótvægisáðgerða. Markmið verkefnisins er þar með að auka sjálfvirkni í vinnslu á tölfræðigögnum velferðarsviðs og þar með spara tíma sem fer í að reikna spánna í sérstökum tilvikum.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 15,6 m.kr.

Verkbeiðnanúmer: 240969 og tilheyrir verkefnaklasa: 80019, upplýsinga- og gagnastýring.



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Inga Rós Gunnarsdóttir,  
skrifstofustjóri gagnþjónustu